



Yfirlýsing um samstarf vegna sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu: Samræming úrgangsflokkunar og kynningarmál

Aðilar lýsa því yfir að þeir muni vinna sameiginlega að samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við tillögur sem koma fram í skýrslu starfshóps „Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu: samræming úrgangsflokkunar“ dags. janúar 2022.

Samræming nái meðal annars yfir úrgangsstrauma sem safnað er við heimili, fyrirkomulag grenndarstöðvar; val á tvískiptum ílátum sem notast verður við sérbyli; fyrirkomulag sérsöfnunar á lífrænum eldhúsúrgangi og merkingu íláta.


Samstarf verður haft um kynningarmál vegna innleiðingu nýs úrgangsflokkunarkerfis og leitast verður við að hefja innleiðingu á svipuðum tíma svo kynning nýtist með sem besta móti. Samstarfi um kynningarmál verði haldið áfram að innleiðingartíma loknum til að viðhalda reglulegri fræðslu um hringrásarhagkerfið, tilhögun sorphirðu og úrgangsflokkunar til íbúa og hagaðila.

Faghópur tæknifólks sveitarfélaganna mun starfa áfram eftir þörfum til að viðhalda markmiðum um samræmingu úrgangsflokkur ásamt því að deila reynslu og árangri af innleiðingu hringrásarhagkerfis á höfuðborgarsvæðinu.

Gert er ráð fyrir að frekari stefnumótun og umræða og útfærsla úrgangsmála muni síðar eiga sér stað á vettvangi Stefnuráðs byggðasamlaganna.

Reykjavík, 11. mars 2022

F.h. Garðabæjar,


Gunnar Einarsson

F.h. Mosfellsbæjar,


Arnar Jónsson

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,


Rósa Guðbjartsdóttir


F.h. Reykjavíkurborgar,


Dagur B. Eggertsson

F.h. Kópavogsbæjar,


Armann Kr. Ólafsson


F.h. Seltjarnarnesbæjar,


Bjarni Torfi Alþórsson

F. h. Kjósarhrepps,


Regina Hansen Guðbjörnsdóttir

F. h. SSH


Páll Björgvin Guðmundsson